

REGLUR

um frágang og stærð minnismerkja í Garðakirkjugarði á Álftanesi.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Reglur þessar taka til allra minnismerkja í skilningi laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, sbr. 3. gr. þessara reglna og skulu gilda um Garðakirkjugarð á Álftanesi. Stjórn Garðakirkjugarðs fer með framkvæmd þessara reglna. Stjórnin má fela kirkjugarðsverði framkvæmd einstakra þátta.

2. gr.

Markmið reglnanna er að tryggja að legsteinar séu settir niður á grafreiti með samræmdum og skipulögðum hætti. Jafnframt setja reglur þessar stærðar- og umfangsmörk minnismerkja á grafreitum. Ekki má setja neins konar girðingar úr steini, málm, timbri, plasti eða öðru efni um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Þá er ekki heimilt að reisa grafhýsi.

3. gr.

Í reglum þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Minnismerki: Samheiti fyrir legsteina, krossa o.fl., sem reist eru á grafreitum.

Legsteinn: Minnismerki úr steini sem ber nafn eða nöfn þeirra er hvíla í grafreit og grafskrift.

Púltsteinn: Ferkantaður legsteinn sem liggur láréttur á jörðu og með skáhallandi leturfleti með nöfnum og grafskrift.

Náttúrusteinn: Legsteinn eða púltsteinn sem ekki hefur verið slípaður.

Platti: Niðurgrafin undirstaða legsteins.

Undirsteinn: Undirstaða eða sökkull legsteins, oft úr sama efni og legsteinninn sjálfur og er lögð í jarðvegsyfirborð eða ofan á platta.

Grafreitur: Samheiti fyrir kistugrafstæði og duftgrafstæði.

Kistugrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar látins einstaklings eða látinna einstaklinga.

Duftgrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar á duftkerum með ösku látins einstaklings eða látinna einstaklinga að lokinni líkbrennslu.

4. gr.

Þeir aðstandendur sem hyggjast setja minnismerki á grafreit skulu tilkynna það kirkjugarðsverði og jafnframt leggja fram skriflega lýsingu á stærð og gerð minnismerkis og fá skriflegt leyfi fyrir uppsetningu. Einnig geta aðstandendur falið sölumönnum minnismerkja uppsetningu og þurfa þeir einnig að leggja fram skriflega lýsingu og fá skriflegt leyfi fyrir uppsetningu. Minnismerkin og uppsetning þeirra er alfarið á ábyrgð aðstandenda og á kostnað þeirra. Minnismerki úr plasti eru ekki leyfileg. Leyfilegt er að setja upp bráðabirgðamerkingar á grafir, s.s. trékrossa eða svonefnd púlt úr krossviði á tveimur tréhælum með áföstu skilti. Kirkjugarðsvörður veitir aðstandendum leiðbeiningar varðandi þessar reglur sé þess óskað. Kirkjugarðsstjórn er heimilt að færa uppsetningu minnismerkja til samræmis við reglur þessar eftir að tilkynning hefur verið send aðstandendum um að þeim beri að færa minnismerki til réttis horfs. Í slíkri tilkynningu skal tilgreindur hóflegur frestur til þess að ljúka framkvæmdum. Aðstandendur skulu bera allan kostnað sem hlýst af færslu minnismerkja sem ekki eru uppsett í samræmi við reglur þessar.


II. KAFLI Kistugrafstæði.

5. gr.

Kirkjugarðsvörður markar grafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis. Heimilt er að jarðsetja duftker í kistugrafstæði sem þegar hefur verið jarðsett í.

6. gr.

Hámarksbreidd legsteins á einfalt grafstæði er 0,8 metrar, að meðtöldum undirsteini, en 1,6 metrar ef legsteinn nær yfir tvö grafstæði. Hámarkshæð legsteins frá yfirborði jarðar er 1 metri. Hámarks lengd legsteins er 0,5 metrar. Allir legsteinar aðrir en púltsteinar skulu standa á platta. Skal þykkt plattans vera a.m.k. 10 sentimetrar, sem næst ferhyrndur og skal hlutfallsleg stærð hans samsvara 0,5 fermetrum á hvern metra af hæð steinsins. Standi legsteinn á platta skal staðsetja legsteininn sem næst miðju plattans. Heimilt er að setja ramma úr steini framan við legstein fyrir gróðurreit. Skal efri brún rammans nema við jörð. Hámarkstærð rammans að meðtöldum legsteini er: breidd 0,8 metrar, þykkt 1 metri (sjá teikningu).



7. gr.


Skylt er að hafa jarðvegsskipti undir legstein. Skal grafa 0,45 metra undir jarðvegisyfirborð fyrir legstein og a.m.k. 0,2 metra út fyrir undirstöðu legsteins á alla kanta. Leggja skal og þjappa vel frostfrítt efni undir og meðfram legsteininum. Sömu aðferð skal beitt ef undirstaða legsteins er platti.

III. KAFLI Duftgrafstæði.

8. gr.

Kirkjugarðsvörður markar duftgrafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis. Legsteinar á duftgrafstæðum skulu vera púltsteinar. Staðsetja skal púltstein fyrir miðju grafstæðis við hina afmörkuðu línu fyrir bakhlið. Einnig er heimilt að setja náttúrustein eða steyptan púltstein með steyptri málmplötu á duftgrafstæði, enda liggja hann þá flatur og sé innan sömu stærðarmarka og púltsteinar, sbr. 4. gr. hér að ofan. Ef náttúrustein er þykkari en 0,2 metrar skal þess gætt við uppsetningu að hæð frá yfirborði sé ekki hærri en reglur kveða á um. Einfalt duftgrafstæði er að jafnaði 0,75 x 0,75 metrar, tvöfalt duftgrafstæði er 0,75 x 1,5 metri. Á einföldum og tvöföldum duftgrafstæðum mega púltsteinar vera allt að 0,5 metrar að breidd, 0,4 metrar að þykkt og 0,2/0,1 metrar að hæð. Heimilt er að setja ramma úr steini framan við legstein fyrir gróðurreit. Skal efri brún rammans nema við jörð. Hámarkstærð rammans að meðtöldum legsteini er 0,75 x 0,75 metrar. Sú undantekning gildir um

gerð legsteina að heimilt er að setja upprétta grafsteina í duftgrafreit sem merktur er B ofan götu (sjá teikningu).



IV KAFLI

Almenn ákvæði.

9. gr.

Setja má trékross á alla grafreiti þar sem ekki er minnismerki. Trékrossar skulu vera úr gegnheilum við. Hámarkshæð trékrossa á kistugrafstæði er einn metri frá jörðu, en 0,5 metrar á duftgrafstæði.

10. gr.

Öll samskeyti á legsteinum eiga að vera límd saman. Nota skal viðurkennt þurrefni til slíkra líminga. Þegar legsteinar að viðbættum platta eru hærri en 0,8 metrar skulu allar samsetningar vera teinaðar saman með ryðfríum stálteinum. Teinarnir límast inn í steinhlutina með tveggja þátta steinlími.

11. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja af grafreitum óviðeigandi girðingar og minnismerki í samræmi við 26. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Aðstandendum skal í slíkum tilvikum gert viðvart, sé þess kostur, og samráð haft við prófast Kjalarnesprófastdæmis.

12. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. 52. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.

13. gr.

Í sérstökum tilvikum getur kirkjugarðsstjórn heimilað aðrar gerðir minnismerkja en kveðið er á um í reglum þessum.

14. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun þessara reglna má skjóta þeim málum til úrskurðar kirkjugarðaráðs innan þriggja mánaða frá úrskurði kirkjugarðsstjórnar.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli tillagna stjórnar Garðakirkjugarðs með heimild í lögum nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, staðfestast hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Innanríkisráðuneytinu, 11. júlí 2011.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 19. ágúst 2011